



STJÓRN SSH 450. fundur

Mánudaginn 13. nóvember 2017, kl. 13:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur L. Haraldsson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson og Guðný Ívarsdóttir.

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Stjórnarformaður SSH Ármann Kr. Ólafsson setti fund og stýrði.

Þetta gerðist:

1. Borgarlínan – skil verkefnisstjóra

Eyjólfur Árni Rafnsson verkefnisstjóri Borgarlínu mætti á fundinn og fór yfir samantekt um þau verkefni sem hann hefur unnið frá september 2016 vegna Borgarlínunnar, stöðu mála og hvaða viðfangsefni eru framundan. Jafnframt upplýsti hann að samantekt vegna stöðu verkefna er í vinnslu og verður skilað innan tíðar.

Umræður

Niðurstaða

Stjórn leggur áherslu á að í samantektinni komi fram skýr mynd af þeim verkefnum sem bíða úrlausnar og nauðsynleg forgangsröðun þeirra. Stjórnin óskar eftir því að EÁR verði tiltækur enn um sinn vegna tillögugerðar um áframhaldandi úrvinnslu þeirra verkefna sem leysa þarf á næstunni.

2. Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra SSH vegna málsins, þar sem m.a. er vísað til erindis Strætó bs. um nauðsyn þess að hafinn verði undirbúningur að árangursmati og endurskoðun á samningi sveitarfélaganna um sameiginlega ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk og tillögu að framhaldi máls þegar núverandi aksturssamningar renna út.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH tekur undir niðurlag minnisblaðs framkvæmdastjóra um nauðsyn þess að hafin verði vinna í samræmi við ofangreint og að fyrsta verkefni verði óhjákvæmilega mat á forsendum og vilja sveitarfélaganna til að halda þessu samstarfi áfram. Það mat þarf að byggja á eins ítarlegum og ígrunduðum greiningum á fyrirliggjandi gögnum um rekstur, kostnað og þjónustu í núverandi fyrirkomulagi, og sú niðurstaða þarf að liggja fyrir áður en farið verður í aðrar aðgerðir.

Með vísun í ákvæði 4. greinar samnings sveitarfélaganna frá 19. maí 2014 telur stjórn SSH eðlilegt að samráðshópur félagsmálastjóra annist þetta verkefni og setji fram tillögu um verklag og stýrihóp vegna þessa. Umfang verkefnisins kallar á aðkomu utanaðkomandi ráðgjafa og því þarf að leita eftir réttum aðila, gera áætlun um kostnað og afla samþykkis sveitarfélaganna fyrir greiðslu kostnaðar vegna verkefnisins.



3. Samstarf SORPU bs. og Sorpsamlags Suðurlands vegna framtíðarurðunarstaðar fyrir óvirkan úrgang

Gerð var grein fyrir yfirstandandi viðræðum fulltrúa eigenda SORPU bs. og fulltrúa SOS vegna mögulegs samstarfs sorpsamlaganna um meðhöndlun á lífrænum úrgangi og framtíðarlausnar á sameiginlegum urðunarstað á Suðurlandi.

Málið er í vinnslu.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:00